

ALMENN AFSTAÐA RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS  
**Ráðherrafundur ríkjaráðstefnunnar um opnun viðræðna um aðild Íslands að  
Evrópusambandinu (Brussel 27. júlí 2010)**

## ALMENN AFSTAÐA RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS

1. Ríkisstjórn Íslands fagnar einróma ákvörðun leiðtoga ráðsins frá 17. júní 2010 um að hefja samningaviðræður við Ísland um aðild að Evrópusambandinu. Traustur stuðningur sem ráð Evrópusambandsins og Evrópuþingið hafa sýnt og viðleitni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til að þetta nái fram að ganga eru mikils metin.

2. Fyrir rétt rúmu ári gaf Alþingi Íslendinga ríkisstjórninni fyrirmæli um að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Þetta var lýðræðisleg ákvörðun þings sem á rætur sínar í íslensku þjóðveldi frá 930 þegar samfélag innflytjenda af norrænum og keltneskum uppruna tók á sig formlega mynd. Strax fyrstu aldir hins nýja samfélags höfðu Íslendingar greið tengsl við helstu menningarmiðstöðvar í Evrópu og eftir kristnitöku tóku þeir virkan þátt í evrópsku fræðasamfélagi. Ákvörðun Alþingis byggðist ekki síst á þeirri staðreynd að allt frá landnámi hefur Ísland verið óaðskiljanlegur hluti Evrópu.

3. Íslendingar hafa ekki aðeins verið þiggjandi í samskiptum sínum við Evrópu heldur einnig lagt ríkulega af mörkum til evrópskrar menningar. Norræn sagnahefð skapaði ásamt umröti víkingaaldar og grósku landnemasamfélagsins einstæðar bókmenntir sem náðu hámarki með Íslendingasögnum, sem eru líklega mikilvægasta framlag Íslands til sögu og menningar Evrópu. Þær endurspeglar reynsluna af uppbyggingu nýs samfélags langt norður í Atlantshafi og veita ómetanlega sýn inn í miðaldasögu Evrópu. Íslenski rithöfundurinn og sagnaþulurinn Snorri Sturluson hefur öðlast sess meðal helstu skálda og lærifeðra álfunnar. Menning okkar er samofin evrópskri menningu.

4. Lýðræðisleg grunngildi Íslands eru að sama skapi samofin hinni evrópsku hefð. Réttarríkið er greytt í lýðræðisfyrirkomulag okkar á djúpstæðan hátt og við höfum byggt upp öflugar lýðræðislegar stofnanir. Eins og Evrópusambandið bera Íslendingar djúpa virðingu fyrir þessum grunngildum og beita sér af þrótti fyrir mannréttindum, hvarvetna, svo sem með áherslu á tjáningarfrelsi og baráttu gegn mismunun, ekki síst á grundvelli kyns og kynhneigðar. Við höfum skapað velferðarríki sem þrátt fyrir tímabundna efnahagslega erfiðleika er í fremstu röð á heimsvísu.

\* \* \*

5. Ísland hefur frá stofnun lýðveldisins 1944 styrkt fullveldi sitt og gætt hagsmuna sinna með virkri þátttöku í svæðisbundnu og alþjóðlegu samstarfi. Ísland er stofnaðili að

Atlantshafsbandalaginu (NATO), Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE). Norræn samvinna hefur verið lykilþáttur í utanríkisstefnu okkar og Ísland tekur þátt í starfi ýmissa svæðisbundinna stofnana, m.a. Evrópuráðsins, Eystrasaltsráðsins, Barentsráðsins og Norðurskautsráðsins. Ísland starfar einnig á alþjóðlegum vettvangi innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Við höfum lagt áherslu á virðingu fyrir þjóðarétti og erum stolt af því að hafa verið meðal leiðandi ríkja í samningaviðræðum um hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna. Ísland hefur ávallt beitt sér fyrir rétti annarra ríkja til að ráða örlögum sínum og studdi með virkum hætti nýfrjálsu löndin í Mið- og Austur-Evrópu til sjálfstæðis. Á sama hátt höfum við stutt stækkun Atlantshafsbandalagsins (NATO's Open Door Policy).

6. Ísland kaus að taka þátt í nánara efnahagssamstarfi innan Evrópu og gerðist aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) árið 1970. Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) árið 1994 styrktist samstarfið enn frekar þegar Ísland gerðist aðili að innri markaðinum og í kjölfarið að Schengen árið 2001, þegar ytri landamæri okkar urðu hluti af landamærum Evrópusambandsins. Ísland er í eins nánu samstarfi við ESB og mögulegt er, án aðildar, og hefur nú þegar tekið upp stóran hluta regluverks Evrópusambandsins.

7. Evrópusamvinnan hefur vissulega stuðlað að fjölbreytileika og vexti hagkerfis landsins. EES hefur einnig opnað okkur leið til að sýna samstöðu með þeim svæðum í Evrópu þar sem velmegun er minni, stuðla að efnahagslegri og félagslegri samheldni og gert okkur kleift að taka þátt í ýmsum áætlunum Evrópusambandsins um málefni er varða umhverfið, menntun, rannsóknir og þróunarstarfsemi, sem og menningu, heilbrigðismál og atvinnumál. Margir Íslendingar ganga að því vísu að þeir geti starfað, numið og notið félagslegra réttinda innan Evrópusambandsins án nokkurrar fyrirstöðu – einkum yngri kynslóðirnar.

8. Umsókn Íslands um aðild að ESB er því í samræmi við þátttöku okkar í rótgróinni vestrænni samvinnu lýðræðisríkja og alþjóðamálum.

\* \* \*

9. Ríkisstjórn Íslands fylgir skýrri leiðsögn Alþingis um aðildarferlið. Það á að vera opið og gegnsætt, þátttaka allra hagsmunaaðila skal tryggð og náíð samráð verður haft við Alþingi í öllu ferlinu.

10. Íslenska þjóðin verður upplýst um samningaferlið af heiðarleika og hreinskilni. Mikil áhersla verður lögð á að tryggja gegnsæi eins og þegar hefur verið sýnt fram á með birtingu allra lykilskjala. Við munum skipuleggja hlutlausa upplýsingamiðlun um Evrópusamstarfið, um ferli samningaviðræðnanna og væntanlegan aðildarsáttmála og greiða þannig fyrir heilbrigðri umræðu um kosti og galla aðildar.

11. Á Íslandi eru skiptar skoðanir um aðild að Evrópusambandinu eins og reyndin hefur verið í mörgum aðildarríkjum og öllum stækkunarlotum. Íslenska ríkisstjórnin stendur þétt að baki því ferli sem við nú hefjum. Íslenska þjóðin mun hins vegar eiga síðasta orðið og taka upplýsta lokaákvörðun í þjóðaratkvæðagreiðslu.

\* \* \*

12. Þegar horft er fram á veginn í samningaviðræðuferlinu þurfa allir aðilar að finna sameiginlegar lausnir sem þjóna gagnkvæmum hagsmunum og skapa grundvöll fyrir aðild. Þetta sýnir þann grundvallarstyrk sem felst í Evrópusamstarfinu, að geta unnið saman innan sameiginlegs ramma, en taka jafnframt tillit til sérstakra aðstæðna einstakra þjóða.

13. Evrópusambandið hefur stuðlað að friði, stöðugleika og hagsæld. Með stækkun þess hafa fullvalda þjóðir um alla Evrópu notið góðs af því. Með samstöðu og styrkingu einstakra aðildarríkja eflist heildin. Sérhver stækkun hefur verið sérstök vegna þess að hvert land er sérstakt. Í öllum tilvikum hefur Evrópusambandið virt og fagnað ólíkum sérkennum ríkjanna og Ísland mundi vissulega auka á fjölbreytileika Sambandsins.

14. Ísland yrði minnsta og strjálbýlasta ríkið í Evrópusambandinu. Ísland yrði vestasta aðildarríkið, það er afskekkt og hér eru erfið skilyrði frá náttúrunnar hendi. Ísland yrði eina ríkið sem liggur allt innan norðurskautssvæðisins. Þessi sérkenni landsins munu móta aðildarviðræðurnar á næstu mánuðum.

15. Ísland deilir að fullu þeim grunngildum og meginreglum sem Evrópusambandið byggist á, eins og þau eru skilgreind í 2. og 3. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í þeim felst m.a. virðing fyrir lýðræði, réttarríkinu, mannréttindum, þ.m.t. jafnrétti kynjanna og virðing fyrir reglum markaðshagkerfisins.

16. Framkvæmd EES hafði veruleg áhrif á samræmingu löggjafar okkar við löggjöf innri markaðar ESB. Stjórnsýsla okkar hefur nú þegar verið löguð að stórum hluta til svo okkur sé kleift að standa við skuldbindingar okkar samkvæmt EES og hefur starfað náið með ESB í meira en 15 ár. Með fjárhagslegum og tæknilegum stuðningi og samvinnu á grundvelli stuðningsáætlunar ESB við umsóknarríki munu stofnanir okkar verða styrktar enn frekar.

17. Ríkisstjórn Íslands fellst á að regluverk ESB, eins og það er við aðild, myndi grundvöll aðildarviðræðnanna. Í samræmi við það samkomulag sem náðist um Lissabon-sáttmálann væntum við þess að Ísland muni tilnefna framkvæmdastjóra, sem og að íslenska verði eitt af opinberum tungumálum ESB.

18. Framkvæmdastjórnin hefur mótað vegvísi fyrir viðræður um einstaka samningskafla. Margir þeirra falla nú þegar undir EES, að öllu leyti eða að hluta, en aðrir eru utan gildissviðs hans.

19. Þeir kaflar sem þegar falla undir EES ættu að liggja nokkuð ljósir fyrir. Þó mun Ísland halda því fram að tiltekna lausnir sem þegar hefur verið fallist á á grundvelli EES séu vel rökstuddar og muni standast athugun í aðildarviðræðunum. Þetta á m.a. við um reglur um fjárfestingar, innflutning á lifandi dýrum og flugvernd, sem og reglur um orku- og umhverfismál þar sem aðstæður okkar eru verulega frábrugðnar aðstæðunum á meginlandi Evrópu. Einnig verður að taka mið af legu Íslands og menningarlegum hefðum að því er varðar sjálfbæra nýtingu ýmissa dýrategunda, m.a. sjávarspendýra og fuglategunda.

20. Vatns- og orkuauðlindir Íslands hafa frá alda öðli verið mikilvægar fyrir lífsafkomu okkar. Eignarhald og nýting þessara náttúruauðlinda eru að fullu á forræði aðildarríkjanna. ESB getur ekki undir neinum kringumstæðum ákvarðað eignarhald á þessum auðlindum eða nýtingu þeirra umfram það sem er kveðið á um í umhverfisverndarreglum á hverjum tíma.

21. Ísland er einarður málsvari norræna velferðarkerfisins. Félagsmálastefna sem grundvallast á sanngirni, jafnrétti og samheldni eru mikilvægir þættir í sérhverju velferðarríki. Við gerum okkur grein fyrir mikilvægi sameiginlegra evrópskra ráðstafana á þessu sviði, leggjum áherslu á að tryggja lágmarksréttindi launafólks og að komið sé í veg fyrir félagsleg undirboð. Ákvörðunarvald til þess að skipuleggja og stjórna opinberri þjónustu verður að vera áfram í höndum aðildarríkjanna. Þetta er í samræmi við yfirlýsingu Íslands um túlkun á þjónustutillskipuninni.

22. Atvinnusköpun er forgangsmál sem Ísland deilir með ESB. Á næstu tíu árum er talið að skapa þurfi um 35 000 ný störf á Íslandi. Þau þarf að skapa í atvinnugreinum eins og iðnaði, ferðapjónustu, hátæknigeiranum og í öðrum skapandi atvinnugreinum sem byggjast á nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi. Hátækniiðnaðurinn einn og sér nemur 20% af útflutningstekjum Íslendinga. Okkur ber skylda til þess að búa þessum mikilvægu atvinnugreinum hagstætt og samkeppnishæft umhverfi sem styður við vöxt þeirra. Því fagnar Ísland áherslu ESB á atvinnusköpun og samkeppnishæfni á þessum sviðum, eins og birtist t.d. í hinni metnaðarfullu stefnu *Evrópa 2020*.

23. Með hliðsjón af skýrum leiðbeiningum frá Alþingi um helstu efnisþætti aðildarviðræðnanna er hér lögð áhersla á nokkur mikilvæg málefni sem falla utan EES.

### ***Sjávarútvegur***

24. Þetta er í fyrsta sinn sem ESB á í aðildarviðræðum við þjóð sem í jafnríkum mæli byggir afkomu sína á sjávarútvegi. Sjávarútvegur er lífæð íslensks efnahagslífs. Nokkrar staðreyndir: Fiskafurðir eru nálægt helmingur af vöruútflutningi Íslands. Sjávarútvegur er eitt helsta lífsviðurværi íbúa sjávarbyggða. Tekjur sjávarútvegs eru hundrað sinnum hærri á mann á Íslandi en sem nemur meðaltali innan ESB.

25. Í sögu þjóðar sem lagt hefur stund á fiskveiðar og sjómennsku líkt og Ísland er sjávarútvegur jafnframt hluti af menningarsögunni og mikilvægur þáttur sjálfsímyndar þjóðarinnar. Reyndar er nánast sérhver Íslendingur úr sjómanna fjölskyldu. Við höfum háð harða baráttu til að öðlast yfirráð yfir auðlindinni innan efnahagslögsögu okkar.

26. Við höfum byggt upp nútímalegan og samkeppnishæfan sjávarútveg í háum gæðaflokki án beinna styrkja eða markaðsflutunar sem grundvallast á sjálfbærum veiðum og markaðslögmálum.

27. Á tímum landlægrar ofveiði hefur Íslandi tekist að byggja upp kerfi sem að vísu er ekki fullkomið en tryggir sjálfbærar veiðar. Þrátt fyrir tímabundna efnahagserfiðleika í kjölfar bankahrunsins halda Íslendingar áfram að nýta sjávarauðlindir sínar á grundvelli meginreglna um sjálfbæra nýtingu þeirra. Ekki má grafa undan mikilvægu framlagi sjávarútvegsins til efnahagslífsins. Við munum því áfram standa vörð um lífvænleika og samkeppnishæfni sjávarútvegsins fyrir komandi kynslóðir.

28. Helstu markmið sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu ESB eru í fullu samræmi við okkar markmið. Ísland hefur skilning á þörfinni fyrir sameiginlega sjávarútvegsstefnu í Evrópu og ekki þarf að líta nema einu sinni á Evrópukortið til að sjá að slík stefna er nauðsynleg.

29. Sérkenni íslensku efnahagslögsögunnar eru sláandi og einstök meðal þjóða í Evrópu. Hún nær yfir gríðarstórt svæði eða 760 þúsund ferkílómetra. Ólíkt öllum aðildarríkjum liggur efnahagslögsaga Íslands ekki að lögsögu aðildarríkja ESB og meginhluti stofna okkar er staðbundinn. Sameiginlega sjávarútvegsstefnan var skiljanlega ekki mótuð fyrir íslenskar aðstæður, ekki fremur en að sameiginlega landbúnaðarstefnan hafi verið mótuð fyrir norðurheimskautið eins og fallist hefur verið á í fyrri aðildarsáttmálum.

30. Tryggja verður forræði Íslands yfir sjávarauðlindum og sjálfbæra nýtingu þeirra. Einn mikilvægasti lærdómurinn sem draga má af reynslu Íslands er sá að þeir sem hafa viðurværi sitt af sjávarauðlindum eru einnig þeir sem eru hæfastir til þess að stjórna nýtingu þeirra.

31. Þetta mætti t.d. tryggja með því að skilgreina efnahagslögsögu Íslands sem sérstakt stjórnsvæði þar sem íslensk stjórnvöld halda áfram að bera ábyrgð á stjórnun fiskveiða. Að auki verður að standa vörð um meginregluna um hlutfallslegan stöðugleika til þess að tryggja að við fáum okkar hluta úr deilistofnum. Einnig verðum við að huga gaumgæfilega að því hvernig fiskveiðistjórnun aðlagast breytingum á því mynstri sem fiskistofnar fylgja vegna umhverfisbreytinga.

32. Þau verðmæti sem felast í sjávarauðlindum Íslands skulu vera til hagsbóta fyrir Íslendinga og reglur um fjárfestingar eiga ekki að leiða til þess að þetta grundvallarsjónarmið sé sniðgengið. Ísland getur ekki samþykkt reglur ESB um brottkast og fagnar umræðum innan ramma sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar um að hætta slíkri soun á verðmætum. Að auki verður að taka á fyrirsvári á sviði sjávarútvegs á alþjóðavettvangi.

33. Ísland hefur margt fram að færa í sjávarútvegsmálum. Sjávarafurðir okkar samsvara meira en 30% af samanlögðum afurðum ESB. Okkur er það fagnaðarefni að deila sérfræðilekkingu okkar við að móta sjálfbæra og hagkvæma fiskveiðistefnu. Ísland fagnar endurskoðun á sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni og því er það hvatning að umræðurnar beinist m.a. að lausnum sem Ísland hefur notað og þróað um langa hríð. Í samræmi við dreifræðisreglu ESB styður Ísland svæðisbundna stjórnun fiskveiða.

34. Sameiginlega sjávarútvegsstefnan var mótuð til að þjóna sameiginlegum hagsmunum. Henni var ekki ætlað að hindra ESB-aðild mikilvægra fiskveiðiþjóða. Samningaviðræður við Ísland eru því tækifæri til þess að sýna fram á að hægt sé að finna sameiginlegar lausnir.

### ***Landbúnaður og dreifbýlisþróun***

35. Líkt og í öðrum Evrópuríkjum er landbúnaður greypstur í íslenskt samfélag. Ísland er mjög strjálbýlt, afskekkt og einangrað frá meginlandi Evrópu. Sérkenni Íslands felast m.a. í erfiðum staðhátum og heimskautaveðurskilyrðum en hvort tveggja dregur stórlega úr fjölbreytileika í landbúnaðarframleiðslu, enda eru framleiðsluafurðir mjög fáar ef borið er saman við aðildarríki ESB.

36. Þrátt fyrir óhagstæð skilyrði hafa íslenskir bændur í gegnum tíðina tryggt matvælaöryggi sem er veigamikil öryggisatriði fyrir landfræðilega einangrað eyríki. Bændur hafa séð fólki fyrir atvinnu, varðveitt þjóðmenningu og viðhaldið byggð og landslagi í sveitum. Með ákvörðun Alþingis um að sækja um aðild að ESB er leitast við að bæta og auka hagsæld bænda.

37. Íslenskur landbúnaður hefur tekið gífurlegum breytingum á síðastliðnum árum, svipað og gerst hefur í öðrum löndum. Hið hefðbundna býli samanstendur þó enn af bónda ásamt fjölskyldu, með sauðfé og nautgripi. Eins og við aðrar stækkunarlotur verður að vera fullvissa fyrir því að aðild stofni ekki heilli atvinnugrein í hættu. Við verðum að geta tryggt bændum landsins og fjölskyldum þeirra öruggt lífsviðurværi, sem og viðkvæmum samfélögum í dreifbýli, og þannig mætt áhyggjum þeirra, sem óttast hið gagnstæða.

38. Við sjáum tækifæri til að byggja upp lífrænan og vistvænan landbúnað þar sem hreinar endurnýjanlegar orkulindir eru nýttar. Til þess að tryggja afkomu landbúnaðarins og í þágu líffræðilegrar fjölbreytni verðum við að verja viðkvæma búfjárstofna okkar og varðveita viðkvæmt vistkerfi okkar.



39. Ríkisstjórn Íslands er þess fullviss að unnt verði að komast að víðtæku samkomulagi á sviði landbúnaðar enda hefur ESB hingað til tekist á árangursríkan hátt að koma til móts við þarfir nýrra aðildarríkja.

### ***Byggðastefna***

40. Ísland er strjálbýlasta land Evrópu. Landið er eyja í Norður-Atlantshafinu og ber sömu einkenni og nyrstu svæði Evrópu og ystu svæði ESB.

41. Í samningaviðræðum þeim sem nú fara í hönd verðum við að setja viðmið og ákveða aðferðir til þess að takast á við þau viðfangsefni sem varða, svo dæmi séu tekin, fólksfækkun, óblíða veðráttu, miklar fjarlægðir frá mörkuðum, það hversu landið er afskekkt og að efnahagslífið byggist á fáum framleiðsluvörum. Við eygjum ný tækifæri þar sem byggja má á þeirri víðtæku svæðastefnu sem ESB hefur mótað í gegnum tíðina – til að efla nýsköpun og skapa ný atvinnutækifæri.

### ***Stefna í efnahagsmálum***

42. Þátttaka í innri markaðinum hefur skapað Íslandi lagagrundvöll til þess að eiga í nánara samstarfi við önnur lönd í Evrópu á sviði efnahags- og fjármála og stuðlað að fjölbreyttara efnahagslífi. Hins vegar skapaði hún ekki það öryggisnet sem fengist með samstöðu innan ESB og myntsamstarfi. Þetta reyndist vera varhugaverð samsetning fyrir mjög lítið, opið hagkerfi og var einn þáttanna sem leiddu til fjármálakreppunnar á Íslandi. Aðild að ESB og aðild að evrusvæðinu í framhaldi af henni er ein leið til að takast á við þennan vanda. Hinn kosturinn væri takmarkanir til lengri tíma á fjármálastarfsemi yfir landamæri, með ströngum varfærnistakmörkunum á fjármálastofnunum sem kæmi í stað núverandi gjaldeyrishafta.

43. Ísland líkt og mörg önnur ríki dregur nú sinn lærdóm af fjármálakreppunni. Við vinnum að nauðsynlegum umbótum á umgjörð efnahagsstefnunnar sem og á regluverki og eftirliti með fjármálakerfinu. Með tilliti til þessa munu efnahagsmál, fjármál og peningastefnan verða mikilvæg atriði í samningaviðræðunum. Að auki fylgjumst við af miklum áhuga með þeirri vinnu sem er í gangi við að styrkja ESB-kerfið í þágu fjármálastöðugleika.

44. Ísland leitar eftir því að taka fullan þátt í Myntbandalaginu og uppfylla nauðsynleg skilyrði fyrir því að taka upp evru þegar þar að kemur. Við leitumst einnig við að finna sameiginlega nálgun til þess að aflétta gjaldeyrishöftum og styðja við gjaldmiðil okkar á næstu mánuðum og árum.

45. Óstöðugleiki gjaldmiðilsins og áföll í kjölfar vaxtaákvarðana, sem hafa haft áhrif í mörgum löndum, hafa leitt í ljós að brýn þörf er á því að koma á stöðugleika í peningamálum með nánara samstarfi. Aðild að ESB er ekki töfralausn fyrir íslenska efnahagskerfið, ábyrgðin á því er á okkar herðum. Þó er ákvörðun Alþingis um að sækja um aðild að ESB órjúfanlegur hluti af efnahagslegri endurreisn Íslands og stöðugleika til langs tíma lítið.

### ***Útanríkis- og öryggismál***

46. Ísland hefur í áratugi verið tenging frá Evrópu yfir Atlantshafið með aðild sinni að NATO og varnarsamningi við Bandaríkin. Ríkisstjórnin hyggst taka þátt í utanríkis- og öryggisstefnu ESB og evrópsku öryggis- og varnarmálastefnunni. Þó verða ákvarðanir um málefni er snerta öryggi og varnir áfram að vera í höndum aðildarríkjanna.

47. Ísland er stolt af þeirri hefð að vera herlaust land og mun ekki koma upp her í framtíðinni. Horfa verður á tengsl við Varnarmálastofnun Evrópu í því ljósi.

48. Ísland hefur átt gott samstarf við aðildarríki ESB á sviði utanríkis- og öryggismála innan ramma ýmissa alþjóðastofnana. Íslendingar hafa tekið þátt í friðargæslu og annarri starfsemi sem tengist hættustjórnun, m.a. í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar og ýmsar stofnanir þeirra, NATO og ÖSE, sem og innan Norðurlandasamstarfsins. Innan ramma ESB hefur Ísland tekið þátt í EUFOR Concordia-verkefninu og EUPM-verkefnum.

\* \* \*

49. Á tveimur öðrum sviðum ber að leggja áherslu á hugsanlegt framlag Íslands til Evrópusamvinnunnar. Í fyrsta lagi getur Ísland stuðlað að því meginmarkmiði ESB að auka orkuöryggi og hlut endurnýjanlegrar orku í 20% fyrir 2020. Nú þegar eru um 80% orkuframleiðslu okkar frá endurnýjanlegum orkuauðlindum, annaðhvort vatnsaflsvirkjunum eða jarðvarmavirkjunum. Þrátt fyrir að jarðvarmi sé stöðug og endurnýjanleg orkuauðlind, og jafnframt sú hreinasta og líklega ódýrasta sem völ er á, er jarðvarmi vanmetinn sem endurnýjanlegur orkugjafi. Ýmis lönd í Evrópu eiga talsverða möguleika á sviði jarðvarma og Ísland býr yfir sérfræðipækkingu á því sviði. Um þessar mundir er Ísland að þróa nýja tækni sem byggist á djúpborun en þessi tækni, ásamt getu ESB, gæti í framtíðinni stuðlað að auknu orkuöryggi í Evrópu. Samsetning orkunotkunar á Íslandi er gott dæmi um þá umbreytingu sem getur orðið á orkugjöfum með aðeins einni kynslóð.

50. Í öðru lagi eru áhrif hnattrænna loftslagsbreytinga hvergi sýnilegri en á norðurslóðum. Með bráðnun íssins á norðurheimskautinu mun aðgangur að miklum náttúruauðlindum sjávar og orku aukast. Athuganir benda til þess að á norðurslóðum sé að finna meira en einn fimmta hluta af óbeisluðu gasi og olíu. Bráðnun stórs hluta íssins mun opna nýjar flutningaleiðir frá Kyrrahafinu um norðurskautið til Norður-Atlantshafsins. Þetta hefur í för með sér gríðarleg tækifæri fyrir okkur öll. Þetta mun einnig hafa áhrif á umhverfi og ýmis samfélög á öllu norðurskautssvæðinu, einkum innfædda. Sameiginleg áskorun okkar er að finna jafnvægi milli sjálfbærrar nýtingar auðlinda og verndunar viðkvæms umhverfis norðurslóða og samfélaganna þar. Á sambærilegan hátt er þörf á að hefja náið samstarf á alþjóðavettvangi um öryggismál, þ.m.t. leitar- og björgunarstarf, en á sama tíma forðast að endurvekja hernaðarleg umsvif á svæðinu.

\* \* \*

51. Samningaviðræðurnar sem hefjast í dag marka sögulega stund í samskiptum Íslands og ESB. Íslenska þjóðin býr yfir nauðsynlegum menningarlegum, lýðræðislegum og stjórnmálalegum styrk til þess að taka þátt í Evrópusamvinnunni. Að finna sameiginlegan grundvöll þar sem komið er til móts við hagsmuni Íslands og þar sem sameiginlegar meginreglur ESB eru jafnframt virtar er áskorun sem kallar á umtalsvert átak og skapandi hugsun.

52. Umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu staðfestir ekki aðeins evrópska arfleifð okkar heldur staðfestir einnig vilja okkar til að taka þátt í framtíðarþróun Evrópu.